

Fimmtudaginn 13. mars 1975.

Nr. 185/1973. **Messíana Tómasdóttir**

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)

gegn

Ólafi Gíslasyni

(Guðrún Erlendsdóttir hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Hjónaskilnaður. Eignaskiptasamningur. Ógildingarkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. desember 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hún þess, að ákvæði skilnaðarskilmála, sem aðiljar undirrituðu 29. október 1970, verði um eignaskipti dæmd ógild. Áfrýjandi hafði gjafsókn í héraði og hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómi með leyfi 3. desember 1973. Krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Hún hefur stefnt Jóni Einari Jakobssyni til réttargæslu og haft uppi málskostnaðarkröfu á hendur honum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi og réttargæslustefndi krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins frá 31. desember 1973 skal áfrýjandi frá 1. janúar 1974 hafa forræði þeirra tveggja barna, er lutu forráðum stefnda, en stefndi greiða henni meðalmeðlag með hvoru barni frá sama tíma til fullnaðs 17 ára aldurs barnanna.

Aðiljar eru sammála um, að skuldir búsins hafi hinn 30. nóvember 1970 numið rúmlega 1.800.000 krónum.

Eigi hefur verið kannað með mati dómkvaddra manna, hvert var almennt gangverð fasteignar búsins á þeim tíma,

er skilnaðarskilmálarnir voru undirritaðir. Verður því um það efni að hafa hliðsjón af framlögðum gögnum, húsbýggingarskýrslu aðilja, fasteignamati og brunabótamati hússins á þessum tíma. Samkvæmt því og öðrum gögnum máls er ósannað, að samningurinn um fjárskipti aðilja hafi verið ósanngjarn á þeim tíma, er til hans var stofnað, en málshöfðunarfrestur samkvæmt 59. gr. laga nr. 39/1921 var auk þess liðinn, þegar málið var höfðað. Er og alveg ósönnuð sú málástaða áfrýjanda, að samningur hennar og stefnda um skilnaðarkjör sé orðinn til fyrir misneytingu eða að fyrir hendi hafi verið aðrar ástæður, sem valdið geti ógildi ákvæða hans um eignaskipti. Að svo vöxnu máli ber að sýkna stefnda af kröfu áfrýjanda um ógildingu eignaskiptaákvæða skilnaðarskilmálans frá 29. október 1970.

Rétt þykir, að allur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 130.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Ólafur Gíslason, á að vera sýkn af framangreindri ógildingarkröfu áfrýjanda, Messíönu Tómasdóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns áfrýjanda, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 130.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júlí 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 5. þ. m., hefur Messíana Tómasdóttir, Ránargötu 32, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnum, birtum 5. maí 1972, á hendur Ólafi Gíslasyni verk-

fræðingi, Árlandi 2, Reykjavík, og Jóni Einari Jakobssyni héraðs-dómslögmanni, Austurstræti 6, Reykjavík, til réttargæslu. Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda, Ólafi Gíslasyni, verði gert að þola riftun á „hjónaskilnaðarsáttmála“, er stefnandi undirritaði 29. október 1970 og gerður var vegna skilnaðar stefnanda og stefnda að borði og sæng, en skilnaðarleyfisbréf var útgefið hinn 1. desember 1970. Enn fremur gerir stefnandi þá réttarkröfu, að stefnda verði gert að greiða henni málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 6. nóvember 1972. Á hendur réttargæslustefnda, Jóni Einari Jakobssyni héraðsdómslögmanni, gerir stefnandi engar sjálfstæðar réttarkröfur.

Stefndi, Ólafur Gíslason, krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu. Af hálfu réttargæslustefnda, Jóns Einars Jakobssonar, er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að árið 1961 gengu stefnandi, Messíana Tómasdóttir, og stefndi, Ólafur Gíslason, í hjónaband. Þeim varð þriggja barna auðið, og eru börnin fædd 1961, 1963 og 1965. Vorið 1970 dró til hjúskaparslita með þeim hjónum. Dvaldist konan í Flatey á Breiðafirði um sumarið ásamt börnunum, og um haustið fluttist hún í íbúð að Bergstaðastræti 20 í Reykjavík, en börnin dvöldust hjá föður sínum að Árlandi 2 í Reykjavík, þar sem verið hafði sameiginlegt heimili fjölskyldunnar.

Hinn 29. október 1970 gerðu hjónin með sér svofelldan skriflegan samning um eftirfarandi skilnaðarkjör:

„Við undirrituð, Ólafur Gíslason og Messíana Tómasdóttir, hjón að Árlandi 2, Rvík, höfum orðið ásátt um eftirfarandi skilnaðarkjör vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng:

1. Karlmaðurinn skal hafa forræði 3 barna okkar hjóna, en þau eru:

Ásdís fædd 30/9 1961, Gísli fæddur 25/6 1963 og Ása Björk fædd 28/4 1965.

Konan skal hafa umgengnisrétt, þannig að hún hafi börnin laugar- og sunnudaga og auk þess allt að 4 mánuði (skólaleyfi) á sumrin. Konan greiðir ekki meðlag með börnum, en karlmaður greiðir 2.500.00 á mánuði vísitölubætt pr. barn, þegar þau eru hjá móður á sumrin.

2. Lífeyrir er greiddur með hvorugu hjóna.

3. Eignum skal skipta sem hér segir:

Karlmaður eignast að óskiptu fasteign að Árlandi 2, Rvík, svo og bifreiðina R-18980 (Skoda 1000 árg. 1965). Karlmaður greiðir

konu 200.000.00 kr., sem greiðist á næstu tveimur árum. Samkomulag hefur orðið um skiptingu innbús. Karlmaður tekur að sér að greiða allar skuldir búsins.“

Hinn 25. nóvember 1970 mættu hjónin bæði saman hjá valdsmanni, fulltrúa yfirborgardómarans í Reykjavík, lýstu því yfir, að þau væru sammála um að æskja skilnaðar að borði og sæng, og lögðu fram ofanritað samkomulag og staðfestu, að þau óskuðu eftir, að skilnaðarkjörin yrðu í samræmi við það.

Hinn 1. desember 1970 veitti yfirborgardómarrinn í Reykjavík hjónunum leyfi til skilnaðar að borði og sæng með vísan til 51. gr. laga nr. 39 frá 1921, og er í leyfisbréfinu meðal annars fram tekið, að samkomulag sé um skiptingu eigna og greiðslu skulda.

Eftir að leyfi til skilnaðar að borði og sæng var fengið, innti maðurinn af hendi hina umsömdu peningagreiðslu, kr. 200.000, m. a. með því að afhenda konunni til eignar bifreið búsins.

Maðurinn hefur lagt fram yfirlit yfir eignaskiptingu þeirra hjóna, og er meginnefni yfirlitsins svohljóðandi:

„Eignir:

Árland 2, Reykjavík, fasteignamat	kr. 2.344.000.00
(Brunabótamat þá kr. 2.287.000.00	
Bygg.kostn. kr. 2.267.656.00)	
Bifreið Skoda (söluverð)	— 77.000.00
	Alls kr. 2.421.000.00

Skuldir:

Sbr. rskj. 14 með leiðrétt, á rskj.	kr. 1.812.600.00
Mismunur	— 608.400.00
	Alls kr. 2.421.000.00

Samkvæmt ofangr. er nettóeign kr. 2x304.200.00. Konan hefur fengið greiddar kr. 277.000.00 úr hendi mannsins. Innbú skiptist þannig, að konan fékk að taka af því eins og hún sjálf taldi sig hafa þörf á.“

Fram er komið í málinu, að hjónin höfðu rætt allítarlega sín á milli um skilnaðarkjör, áður en skilnaðarskilmáli sá, er áður er til vitnað, var undirritaður. Það er einnig fram komið, að maðurinn annaðist gerð skjalsins. Það er einnig upplýst, að réttargæslustefndi, Jón Einar Jakobsson héraðsdómslögmaður, átti einn fund með þeim hjónum, eftir að skjalið var samið, en áður en það var undirritað.

Hjónin mættu ein hjá valdsmanni hinn 25. nóvember 1970, er skilnaðarmálið var tekið fyrir.

Við aðiljayfirheyrslu var m. a. bókað eftir stefnanda.

„Þá óskar mætta að taka fram, að það hafi verið öðru hvorum megin við áramótin 1970-71, sem hún hafi átt símtal við Jón Einar Jakobsson, og hafi hún tjáð honum, að hún væri mjög miður sín yfir því að hafa undirritað skilnaðarskilmálana og spurt hann að því, hvort ekki væri hægt að rifta þessu. Mætta kveður hann hafa svarað, að það væri ekki hægt fyrr en við lögskilnað. Segir mætta, að það hafi verið af þessum átæðum, sem hún hafi ekki aðhafst neitt í þá átt að leita til annars lögfræðings til að fá skilmálunum rift.“

Við aðiljayfirheyrslu kvað réttargæslustefndi stefnanda, Messíönu, hafa hringt til sín eftir áramót, hún hafi fyrst og fremst verið að ræða um forræði fyrir börnunum, hvort hægt væri að taka það til endurskoðunar, en ekkert rætt um eignaskiptingu eða slík fjárhagsatriði. Réttargæslustefndi kvaðst hafa upplýst konuna um það, að forræði fyrir börnunum væri lögum samkvæmt hægt að taka til endurskoðunar.

Hinn 19. nóvember 1971 ritar svo lögmaður stefnanda, Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, Jóni Einari Jakobssyni héraðsdómslögmanni, svofellt bréf:

„Hjónaskilnaðarmálið nr. H-5-185/1970: Ólafur Gíslason og Messíana Tómasdóttir.

Ég vil hér með staðfesta samtal okkar um ofangreint mál. Jafnframt vil ég koma á framfæri við yður vegna umbj. yðar kröfum frú Messíönu í sambandi við lögskilnað þeirra, sem ætti að geta farið fram hvenær sem er eftir 25. þ. m.

Kröfur Messíönu eru að svo stöddu þessar:

1. Hún vill fá forræði allra barnanna framvegis og tvöfaldan barnalífeyri með þeim til fullnaðs 18 ára aldurs hvers þeirra, sbr. reglur Tryggingastofnunar ríkisins.

2. Messíana vill fá lífeyri með sér úr hendi mannsins, kr. 12.000.00 á mánuði, frá 1. desember 1971 til 30. nóvember 1974, sem greiðist mánaðarlega fyrirfram.

3. Maðurinn endurgreiði frú Messíönu meðlag það, er hún greiddi af eignum sínum fyrirfram með börnum þeirra hjóna frá 25. nóvember 1970 til fullnaðs 17 ára aldurs hvers þeirra.

Í mínum vörslum er vottorð Garðars Svavarssonar, sóknarprests, dags. 1. þ. m., um árangurslausa sáttatilaun með hjónunum.“

Stefnandi hefur lagt fram svofellda skýringu og sundurliðun á kröfulið 3:

„Þann 29. október 1970, sama dag og ég undirrituð, Messíana Tómasdóttir, skrifaði undir hjónaskilnaðarsáttmála þann, er þetta mál er risið af, reiknaði Ólafur Gíslason út, að mér viðstaddri, hluta þann af eignum okkar, er mér bæri að greiða sem meðlag með börnum okkar til 20 ára aldurs hvers þeirra.

Var gengið út frá 2.500.00 kr. á mánuði fyrir hvert barn.

Börnin voru þá 5, 7 og 9 ára gömul, þannig að ár þeirra til tvíugsaldurs voru 15, 13 og 11, samtals 39.

2.500.00 kr. á mánuði verða þannig 30.000.00 kr. á ári fyrir hvert barn.

30.000.00 krónur í 39 ár verða 1.170.000.00 krónur.

Þá kvað Ólafur 200.00, — (sic) krónur verða eftir af nettóvirði hússins og gæti ég fengið þær.

Má vera að Ólafur hafi þarna reiknað innbú með í húsverðinu og að sá hluti „samningsins“, er varðar innbú, sé þannig til kom-in.

Seinna vakti ég athygli Ólafs á því, að meðlag með börnum væri aðeins greitt til 16 ára aldurs, en hann kvað breytingar vera í vændum, þannig að greitt yrði til 17 ára aldurs. Kvaðst hann mundu endurgreiða mér helming meðlags barnanna frá 17 ára til tvítugs, þ. e. a. s. 135.000.00 kr., en mundi þó draga frá and-virði bifreiðar, er ég hafði fengið, 70.000.00 kr., þannig að af þess-um 270.000.00 krónum fékk ég greiddar 65.000.00 kr.“

Um þennan útreikning segir stefnandi svo í bréfi til lögmanns síns, sem lagt hefur verið fram í málinu:

„Hún talar um $70.000.00 + 65.000.00 = 135.000.00$ kr. og virð-ist fá hana út með því að segja 3 börn í 3 ár á 30.000.00 kr. (2.500 kr. $\times$ $12 = 30.000.00$ kr.), eða samtals 270.000.00 kr., og deilir svo í með 2 og fær þá 135.000.00 kr. Í fyrsta lagi hef ég alltaf skilið meðlag með barni sem helming framfærslukostnaðar barns, þannig að hitt foreldrið sjái um hinn hlutann, þannig að mér hefði aldrei dottið í hug að deila með tveimur. Í öðru lagi, að væri það rétt hjá henni, að dregið hefði verið frá sameign okkar 2.500 kr./mán. fyrir öll börnin fram til 20 ára aldurs, þá er það hvorki meira né minna en kr. 1.170.000.00, sem er hrein firra, sé þessi tala borin saman við eignir og skuldir búsins. Í því sam-bandi minni ég þig á upplýsingar þær, sem ég sendi þér um, hvað ég hef gert fyrir húsið eftir skilnaðinn, en það kostaði ekki lítið, ef til endurmats kemur.“

Við aðiljayfirheyrslu sagði stefndi það rétt, að það hefði komið til umræðu með þeim hjónum, áður en uppkast að skilnaðarmálum var gert, hvort konan skyldi greiða meðlag með börnunum, en í ljós hefði komið, þegar búið var gert upp, að ekki væri grundvöllur fyrir því, þar sem nettóeign búsins hafi reynst svo lítil.

Í framlögðu bréfi til lögmanns síns farast stefnda svo orð um þetta atriði:

„Það verður ekki of oft sagt, að eins og kom fram hjá mér í vitnaleiðslum, þá var rætt um það okkar Messíönu á milli, að við létum uppeldiskostnað barnanna greiðast af húsinu, og er sennilegt, að hún hafi rætt um það við Brynju o. fl. fyrr um haustið. Þegar til kom, var ekkert til skiptanna, ef Messíana átti að fá e-ð út úr búinu, og var því þá droppað.“

Hinn 25. nóvember 1971 var beiðni hjónanna um lögskilnað tekin fyrir af valdsmanni.

Konan ítrekaði þá kröfur þær, sem fram koma í bréfinu frá 19. nóvember 1971, og lýsti því yfir, að hún teldi, að eignaskiptum þeirra hjóna væri ekki lokið, og áskildi sér allan rétt í því sambandi.

Maðurinn mótmælti öllum umræddum kröfum að öðru leyti en því, að hann lýsti sig samþykkan því, að konan fengi forræði yngsta barnsins, og bauðst til að greiða með því eitt og eitt fjórða meðlag til fullnaðs 17 ára aldurs, miðað við meðalmeðlög Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma.

Málið var síðan sent dómsmálaráðuneytinu til úrlausnar um forræði barna og meðlög með þeim, en með bréfi 17. maí 1972 beiddist stefnandi opinberra skipta á búinu, og hinn 5. maí s. á. var mál þetta höfðað, en stefna í því er útgefin hinn 4. maí.

Þegar stefnandi hafði þannig hafist handa um að fá úrlausn dómstóla um ágreining um búskipti, veitti dómsmálaráðuneytið loks, eða hinn 15. maí 1972, aðiljum leyfi til lögskilnaðar og úrskurðaði, að konan skyldi hafa forræði yngsta barnsins og maðurinn greiða með því 1½ meðalmeðlag, en maðurinn skyldi áfram hafa forræði tveggja eldri barnanna og annast framfærslu þeirra einn.

Stefnandi hefur haldið því fram, að börnin hafi í raun dvalist hjá sér meginhluta þess tíma, sem liðinn er frá því skilnaður frá borði og sæng var veittur.

Það er upplýst, að aðiljar hafa nú bæði gengið í hjónaband að nýju.

Stefnandi festi fljótlega eftir skilnaðinn kaup á íbúð við Ránar-

götu í Reykjavík, en stefndi fluttist af landi brott og er nú búsettur erlendis.

Dómkröfur sínar rökstyður stefnandi með því, að framangreindur „hjonaskilnaðarsáttmáli“ sé ógildur samkvæmt ýmsum meginreglum III. kafla laga nr. 7 frá 1. febrúar 1936. Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi fengið sig með ágengni og fortölum til þess að skrifa undir margnefndan hjonaskilnaðarsáttmála. Hann hafi beitt sig ýmsum rökum, svo sem að undirskriftin væri aðeins pro forma, eða formsatriði, og að hægt væri að fá skilnaðarskilmálana tekna til endurskoðunar síðar, þar á meðal forræði barna og búskipti, þegar lögskilnaður færi fram.

Þá kveðst stefnandi hafa átt við veruleg veikindi að stríða um þetta leyti og verið niðurbrotin á sál og líkama. Í veikindum sínum kveðst hún hafa borið stöðu sína sérstaklega undir réttargæslustefnda, Jón Einar Jakobsson héraðsdómslögmann, sem hafi verið lögmaður og trúnaðarvinur stefnda Ólafs og kunningi hennar. Hann hafi ekki bent sér á neina veilu í samningnum, heldur þvert á móti.

Ekki kveðst stefnandi á þessu stigi hafa talið ástæðu til þess að vantreysta Jóni Einari Jakobssyni héraðsdómslögmanni, enda hafi hún að ýmsu leyti litið á hann sem heimilisvin.

Stefnandi kveður engan hafa vakið athygli sína á því, að hægt væri að rifta þessum samningi innan hálfes árs, eða á réttarstöðu sinni yfirleitt. Þá kveðst stefnandi telja, að sá fulltrúi yfirborgar-dómara, er tók fyrir beiðni aðilja um skilnað að borði og sæng, hafi ef til vill vanrækt upplýsingaskyldu sína, þar eð stefnandi hafði ekki lögmann sér til aðstoðar, þegar beiðni um skilnað að borði og sæng var tekin fyrir. Það er upplýst í málinu, að stefnandi hafði haft undir höndum uppkast af skilnaðarskilmála, sem stefndi hafði samið, um þriggja vikna skeið, áður en skilnaðarskilmálar þeir, sem mál þetta snýst um, voru undirritaðir hinn 29. október 1970, og að stefnandi hafði eintak af skilnaðarskilmálunum undir höndum, frá því að þeir voru undirritaðir og þar til þeir voru lagðir fram í hjonaskilnaðarmálinu hinn 25. nóvember 1970, þ. e. tæplega einn mánuði. Stefnandi hefur í framlagðri aðiljayfirlýsingu, er hún lýsti rétta fyrir dómi 26. október 1972, lýst aðdraganda að sambúðarslitum málsaðilja og segir þar m. a.:

„Ég undirrituð, Messíana Tómasdóttir, og Ólafur Gíslason vorum gefin saman í Danmörku 17. júní 1961. Þjuggum við í Kaup-

með þau öll til Grænlands, þar sem ég dvaldi með þau hjá Ólafi um tveggja mánaða skeið. Að þeim tíma liðnum fór ég með þau heim aftur, en Ólafur varð eftir í Grænlandi fram í október og fór síðan um tíma til Kaupmannahafnar á vegum fyrirtækisins. Það skal tekið fram, að allan þennan tíma hefur Ólafur iðulega verið á ferðalögum vegna starfs síns.

Veturinn 1968-69 stundaði ég svo nokkurnveginn fullt nám við Handíðaskólann (kl. 9-16 fjóra daga í viku), en var í fríi frá skólanum, meðan ég fékkst við leikmyndagerð, enda var það liður í námi mínu.

Ég fékk systurson minn (sem var við nám í Verslunarskólanum) til að búa í Árlandi ásamt konu sinni og syni, og annaðist konan börnin, á meðan ég var í skólanum. Allt annað heimilis-hald hafði ég með höndum, enda fengu þau enga greiðslu fyrir þetta aðra en fæði og húsnæði endurgjaldslaust. Fór ég í skólann á morgnana, eftir að Ólafur var farinn til vinnu, og kom á undan honum heim, þannig að hann annaðist börnin að engu leyti, þó að ég væri við nám. Fannst þessu fólki Ólafur sérhlífinn maður og vanstilltur, en hann viðhafði það meðal annars að reka vini þeirra á dyr. Jókst nú einnig yfiringangsssemi Ólafs í minn garð. Var hann ókurteis við vinnufélaga mína og skólasystkin, er þau komu á heimilið, og fór að lokum að vísa fólki á dyr af engu til-efni. Á sama tíma kom iðulega fyrir, að vinnufélagar hans og vinir sætu að drykkju á heimili okkar. Einnig taldi Ólafur sig hafa rétt til samlífs við mig gegn vilja mínum.

Vorið 1970 var svo komið, að sambúð okkar var orðin algerlega vonlaus. Dvaldist ég í Flatey með börnin það sumar og bjó þau undir breyttar aðstæður vegna væntanlegs skilnaðar.

Begar til kom, vildi Ólafur ekki gera upp eignir okkar, og vísa ég til skýrslu minnar til Barnaverndarráðs, dags. 29. febr. 1972, um nánari aðstæður í sambandi við skilnað okkar á borði og sæng og „sáttmála“ þann, er Ólafur og lögfræðingur hans, Jón Einar Jakobsson, fengu mig til að undirrita. Þó vil ég sérstaklega taka fram, að enginn vakti athygli mína á því, að hægt væri að rifta þessum samningi innan hálfis árs eða á réttarstöðu minni yfirleitt. Tel ég, að sá starfsmaður Borgardómaraembættisins, er bókaði skilnað okkar á borði og sæng, hafi e. t. v. vanrækt upplýsingaskyldu sína, þar eð ég hafði ekki lögmann.

Einnig vil ég geta þess, að lögfræðingur minn reyndi fyrir mína hönd að semja við Ólaf og lögfræðing hans sl. haust. (Ég naut ekki lögfræðiaðstoðar fyrr en haustið 1971). Buðu þeir mér

kr. 200.000.00, ef ég félli frá forræðiskröfu minni vegna tveggja elstu barnanna (Ólafur fór ekki fram á forræði yngsta barnsins). Þeir drógu þó þetta tilboð til baka, enda hafði ég þegar hafnað því sjálf. Einnig játuðu þeir fyrir Þorvaldi Þórarinssyni, lögfræðingi mínum, að minn hluti eignanna hefði verið hugsaður sem trygging fyrir meðlagi með börnunum til Ólafs, enda gekk ég næstum slypp og snauð frá félagsbúi okkar.“

Við aðiljayfirheyrslu hinn 26. október 1972 var m. a. bókað eftir stefnanda: „Spurð af lögmanni stefnda segir mætta, að skilnaðarskilmálarnir á dskj. nr. 4, sem kynntir eru mættu, hafi verið undirritaðir að Árlandi 2 og hafi hún og stefndi ein verið viðstödd. Segir mætta, að hún hafi í þetta skipti komið að Árlandi 2 til að líta á börnin sín og hafi koma sín þangað ekki staðið í neinu sambandi við skilnaðarskilmálana.

Spurð af lögmanni stefnda, segir mætta, að fyrri skilnaðarskilmálarnir, sem stefndi hafi látið hana fá til athugunar, hafi verið frábrugðnir þeim, sem hún undirritaði, að því leyti, að í fyrri skilmálunum hafi ekki verið ákvæði um umgengnisrétt hennar við börnin. Ekki hafi verið gert ráð fyrir því, að hún fengi að hafa börnin á sumrin, og þar hafi verið ákvæði þess efnis, að stefndi fengi allar eignir. Af gefnu tilefni kveðst mætta ekki muna, hvort minnst hafi verið á innbú sérstaklega.

Lögmaður stefnda spyr mættu að því, í hverju það hafi verið fólgið, að stefndi hafi fengið hana til að undirrita skilnaðarskilmálana á dskj. nr. 4. Af því tilefni segir mætta, að hún telji sig hafa verið blekkta, og kveðst hún hafa fengið rangar upplýsingar. Tekur mætta fram, að þessar röngu upplýsingar hafi komið fram, er stefndi og Jón E. Jakobsson komu með fyrri skilnaðarskilmálana, og hafi þær varðað það, að undirskrift skilmálanna væri pro forma og að þeir giltu aðeins þar til kæmi að lögskilnaði. Einnig kveður hún þessar upplýsingar hafa varðað réttarstöðu sína sem móður. Einnig hafi komið fram, að stefndi væri að gera mættu greiða með því að taka börnin til sín, er hún hefði ekki aðstöðu til þess að hafa þau hjá sér sjálf, og að hann hefði ekkert á móti því, að hún tæki börnin til sín, er hún fengi aðstöðu til þess.

Þá segir mætta, að stefndi hafi höfðað til þess, að hún hefði ekki tök á því að greiða með börnunum þrátt fyrir það, að hún ætti að gera það og því þyrfti hún að láta sinn hluta af eignunum. Þá óskar mætta að taka fram, að það hafi verið öðru hvorum megin við áramótin 1970/1971 sem hún hafi átt símtal við Jón E.

Jakobsson og hafi hún tjáð honum, að hún væri mjög miður sín yfir því að hafa undirritað skilnaðarskilmálana og spurt hann að því, hvort ekki væri hægt að rifta þessu, en mætta kveður hann hafa svarað, að það væri ekki hægt fyrirren við lögskilnað. Segir mætta, að það hafi verið af þessum sökum sem hún hafi ekki aðhafst neitt í þá átt að leita til annars lögfræðings til að fá skilmálunum rift.

Dómarinn spurði mættu að því, hvort hjónin hefðu gert sér grein fyrir eignum og skuldum búsins, er stefndi lét hana hafa fyrir skilnaðarskilmálana, eins og mætta hefur skýrt frá, eða er mætta skrifaði undir skilmálana á dskj. nr. 4. Mætta segir, að er hún undirritaði skilmálana á dskj. nr. 4, hafi stefndi hripað þetta niður, en ekki kveðst hún muna, hverjar heildartölur voru. Mætta tekur fram, að stefndi hafi þá reiknað með kr. 2.500 meðlagi, sem hún ætti að greiða með hverju barni á mánuði, og hafi hann reiknað það til 20 ára aldurs hvers barns. Hafi stefndi þá sagt, að þá væri eftir kr. 200.000 af nettóverði hússins, og það hafi mætta fengið. Þá segir mætta, að hún hafi síðan farið að kvarta við stefnda yfir því, að það væri ekki rétt að láta sig greiða með lög með börnunum til 20 ára aldurs og hafi stefndi þá reiknað með lög með börnunum frá 17 ára aldri til 20 ára aldurs og hafi hann ætlað að greiða sér helming af þeirri fjárhæð, en þar sem mætta hafi fengið bifreiðina, sem seld hafi verið á kr. 70.000.00, hafi hann dregið þá fjárhæð frá og hafi þá komið út kr. 65.000.00, sem stefndi hafi greitt í peningum síðar.

Lögmaður stefnda spyr mættu að því, hvort hún hafi talið, þegar hún undirritaði skilnaðarskilmálana á dskj. nr. 4, að þeir hefðu ekkert gildi. Mætta svarar spurningunni og segir, að hún hafi talið, að þeir hefðu gildi fram að lögskilnaði.

Lögmaður stefnda spyr mættu að því, hvort skilnaðarskilmálarnir á dskj. nr. 4 dyttu sjálfkrafa úr gildi að einhverju eða öllu leyti við lögskilnað að álitni hennar, og ef svo er, að hvaða leyti. Mætta svarar spurningunni og segir, að hún hafi talið, að skilmálarnir á dskj. nr. 4 yrðu algerlega endurskoðaðir, og þá við embætti það, sem veitti skilnað að borði og sæng, í samræmi við þær aðstæður, sem þá yrðu fyrir hendi.

Lögmaður stefnda spyr mættu að því, hvort þetta álit hennar á endurskoðun skilnaðarmálanna við lögskilnað hafi byggst á upplýsingum, sem hún hafi fengið hjá stefnda eða lögmanninum. Segir mætta, að hún hafi byggt þetta á upplýsingum, sem hún hafi fengið hjá þeim báðum.

Af gefnu tilefni frá lögmanni stefnda segir mætta, að lögmaðurinn, þ. e. Jón E. Jakobsson, hafi sagt sér, að móðurrétturinn væri svo varinn að lögum, að það gæti enginn komið í veg fyrir það, að hún fengi börnin aftur. Þá segir mætta, að sér hafi verið það ljóst samkvæmt framansögðu, að sá, sem hefði börnin hverju sinni, yrði að hafa forræði barnanna formlega óskert. Segir mætta, að það hafi verið með þessa vitneskju í huga sem hún hafi undirritað skilnaðarskilmálana á dskj. nr. 4.

Af gefnu tilefni frá lögmanni stefnda segir mætta, að hún hafi óskað eftir því, að Jón E. Jakobsson kæmi ásamt stefnda og veitti sér lagalegar upplýsingar, er stefndi hafi afhent henni fyrri skilnaðarskilmálana. Segir mætta, að Jón hafi þá komið með Ólafi samkvæmt ósk hennar og hafi Jón þá veitt henni þær lagalegu upplýsingar, sem hann hafi veitt henni, en eftir það kveðst mætta ekki hafa rætt við Jón E. Jakobsson, fyrr en eftir að hún hafði undirritað skilnaðarskilmálana á dskj. nr. 4.

Lögmaður stefnda spyr mættu að því, hvort hún minnst þess, að hann hafi skýrt henni frá því, bæði á fundi fyrir skilnaðinn og í símtali löngu eftir skilnað að borði og sæng, að hann vildi ekki hafa afskipti af því, hvernig þau hjónin kæmu sér saman um forræði barna og skiptingu eigna. Segir mætta, að hún minnst þess, að Jón hafi skýrt sér frá þessu í símtali því, sem hún hafi átt við hann um áramótin 1970/1971. Hún kveðst ekki muna eftir því, að hann hafi skýrt sér frá því áður, en svo megi vera.

Mætta óskar að taka fram, að hún hafi verið veik, er hún undirritaði skilnaðarskilmálana á dskj. nr. 4, og kveðst hún telja, að dómgreind sín hafi þá verið skert. Hún kveður stefnda hafa verið kunnugt um þessi veikindi sín og kveður hann hafa vitað, að hún hafi verið með háan hita þennan dag. Kveðst mætta hafa sagt við stefnda, að hún hefði áhyggjur af þessum veikindum sínum, því ekki hafi verið vitað, af hverju þau stöfuðu. Tekur mætta fram, að hún hafi á þessum tíma verið búin að fara í rannsókn vegna veikindanna, en ekkert hafi fundist. Kveður hún það ekki hafa komið fram fyrr en eftir áramót, hver veikindi hennar voru.

Mætta tekur fram að gefnu tilefni, að hún hafi verið veik allan nóvembermánuð. Þá segir mætta, að hinn 2. desember hafi hún farið áleiðis til Englands til heilsubótar, en kveðst jafnframt hafa ætlað að athuga möguleika til leiknáms þar.

Kveðst mætta hafa frétt lát bróður síns, strax og hún kom til Englands, og hafi hún þá tekið næstu ferð heim. Kveðst hún þá hafa búið að Árlandi 2 og haldið heimili fyrir stefnda og börnin

og hafi svo verið eitthvað fram í janúar, en ráðskona stefnda hafi þá verið í frii. Mætta óskar að taka fram, að stefndi hafi verið búinn að láta að því liggja, að hún fengi ekki að vera með börnunum um jólin, og segir mætta, að það hafi líka valdið því, að hún fór í umrædda ferð, því hún hafi ekki viljað vera í Reykjavík án þess að geta umgengist börnin um jólin.

Upplesið, jatað rétt bókað með þeirri skýringu mættu, að það hafi verið, er stefndi hafi komið til að fá fyrri skilnaðarskilmálana undirritaða sem Jón E. Jakobsson hdl. hafi komið, að hennar ósk, eins og mætta hefur skýrt frá. Kveðst mætta þá hafa verið búin að hafa þessa skilnaðarskilmála til athugunar í tvær til þrjár vikur.“

Fram hefur verið lagt í málinu vottorð Ölmú Þórarinsson lækni-
is svohljóðandi:

„Messíana Tómasdóttir, f. 25.09.'40, til heimilis að Bergstaða-
stræti 20, hefur verið í rannsókn á Leitarstöð B, Krabbameins-
félags Íslands árið 1971.

Skoðun: bólgur í leghálsi, vægar frumubreytingar.

Fór í aðgerð hjá Jónasi Bjarnasyni, lækni 19/3 1971.

Svar: Hyperplasia endometrii, cervicitis chronica.“

Framlagt vottorð Jónasar Bjarnasonar lækni hljóðar svo:

„Það vottast hér með, að frú Messíana Tómasdóttir, Ránargötu
32, Reykjavík, var til meðferðas hjá mér á s.l. ári vegna truflana
og óreglu í sambandi við starfsemi eggjastokka. Hormónatruflun
sú, sem hér um ræðir, getur haft mikil áhrif á taugakerfi sjúkl-
ingsins, meðan hún er, og tel ég vafalítið, að svo hafi verið í þessu
tilfelli, því eftir að meðferð fór að hafa áhrif, komst jafnvægi á
taugakerfi sjúklings, sem hafði verið í miklu ólagi fyrir þann
tíma.“

Brynja Benediktsdóttir leikkona hefur komið fyrir dóminn sem
vitni. Hún var samstarfsmaður stefnanda þann tíma, sem stefn-
andi starfaði við Þjóðleikhúsið sem fastráðinn umsjónarmaður
leikmuna, þ. e. frá 1. september 1970 til 31. október s. á., og enn
fremur kvað hún stefnanda hafa unnið við búninga í uppfærslu
vitnisins á Hárinu fyrir leikfélag Kópavogs. Vitnið kvað það
hafa komið fram, að stefnandi ætti við heilsuleysi að stríða haust-
ið 1970, hún hafi verið jafnvægislaus og þreytt. Vitnið kvað stefn-
anda hafa sýnt sér hjónaskilnaðarskilmála þann, sem mál þetta
snýst um, og kvað hún stefnanda hafa skýrt sér frá því, að það
kæmi til greina, að hún greiddi meðlag með börnunum og að
hennar hluti í húseigninni yrði notaður til þess. Síðan sagði vitn-

ið: „Ég man, að okkur sinnaðist út af þessu, en mér fannst, að henni ætti að finnast þetta eðlilegt vegna þess, að hún væri fylgjandi jafnrétti karla og kvenna, og ætti að standa við þær hugmyndir sínar.“ Vitnið kvað Messíönu hafa svarað: „Viðhorf mín hafa breyst við að lenda í þessu sjálf“, hún hafi lagt áherslu á, að hún hafði ekki menntun á við mann sinn, þess vegna ekki jafna möguleika til að afla fjár.

Vitnið kvað sér ekki hafa verið kunnugt um fjárhæð meðlagsins eða til hve langs tíma það hafi átt að greiðast, en það hafi verið talað um húseignina að Árlandi 2 í þessu sambandi.

Vitnið Sigríður Sigurbjörnsdóttir, eiginkona Atla Heimis Sveinssonar tónskálds, kvað stefnanda hafa sýnt sér margnefndan skilnaðarskilmála, líklega í nóvember 1970.

Vitnið kvað það hafa verið bersýnilegt, að stefnandi gekk ekki heil til skógar um þetta leyti, hún hafi litið mjög illa út og alltaf verið í rannsóknum. Stefnandi hafi verið heima vegna veikinda, þegar hún sýndi vitninu skjalið. Vitnið sagði, að sér hafi skilist á stefnanda, að ástæðan fyrir því, að stefndi fengi húsið, væri sú, að hann tæki að sér framfærslu barnanna, og þar sem stefnandi hefði ekki aðstöðu til að greiða honum meðlag með börnunum þá hafi það orðið að ráði, að hann fengi meiri hlutann af eignunum.

Vitnið Ivan Török kvaðst hafa búið í sama húsi og stefnandi að Bergstaðastræti 20 í Reykjavík á þeim tíma, sem um ræðir. Hann kvaðst muna eftir því, þegar stefndi og réttargæslustefndi komu þangað. Hann kvaðst hafa verið kynntur fyrir þeim. Hann kvaðst ekki hafa heyrt nein orðaskipti milli aðilja eða réttargæslustefnda í þetta skipti. Hins vegar hafi stefnandi talað um það, eftir að stefndi og réttargæslustefndi voru farnir, að hún teldi samninginn óaðgengilegan og að hún hefði ekki viljað skrifa undir hann. Vitnið kvað stefnanda hafa verið sjúka um þetta leyti og órólega.

Vitnið Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, háskólanemi og einkaritari hjá Sigfúsi Daðasyni hjá Máli og Menningu, kvað systur sína, Maríu Kristjánsdóttur, hafa verið sambýliskonu stefnanda að Bergstaðastræti 20 um þessar mundir.

Hún kvaðst hafa verið heimagangur hjá þeim stefnanda og systur sinni og hafa fylgst með hjónaskilnaðarmáli stefnanda. Hún kvað stefnanda hafa verið sjúka um þessar mundir og það hafi komið fram, að hún tæki sér skilnaðinn ákaflega nærri. Vitnið kvaðst ekki hafa séð samning um eignaskipti aðilja í máli

þessu, fyrr en löngu eftir að skilnaður þeirra að borði og sæng fór fram. Hins vegar kvað hún Maríu, systur sína, hafa sagt sér frá efni samningsins og það hafi komið fram, að stefnandi léti af hendi mestan hluta af eignarhluta sínum í búinu sem meðlag með börnunum.

Fram hefur verið lagt í málinu vottorð Maríu Kristjánsdóttur leikhúsfraðings, en í því segir m. a. svo:

„Ég undirrituð, María Kristjánsdóttir, var sambýliskona Messíönu Tómasdóttur frá septembermánuði 1970 til áramóta 70-71. Af þessum sökum er mér fremur en öðrum kunnugt um ýmis atvikið, er gerðust á þessum tíma varðandi skilnað hennar við Ólaf Gíslason, og óska ég eftir að votta eftirfarandi:

1. Fyrri hjónaskilnaðarsáttmálann, er Ólafur Gíslason lagði fyrir Messíönu Tómasdóttur, las ég í fyrrihluta októbermánaðar ársins 1970, eða daginn eftir að Messíana fékk hann í hendur, og get vitnað um, að þar var hvorki gert ráð fyrir umgengnisrétti hennar við börn sín né heldur að þau dveldust hjá henni á sumrin. Auk þessa krafðist Ólafur allra eigna þeirra hjóna, undantekningarlaust.

Í sambandi við áður nefndan samning var ég enn fremur vitni að því (ásamt Ivani Török leikmyndateiknara L.R.) á heimili okkar Messíönu að Bergstaðastræti 20, Rvík, er Ólafur Gíslason, ásamt lögfræðingi hans Jóni Einari Jakobssyni, kom til að fá undirritaðan samninginn og að Messíana neitaði að skrifa undir.

2. Síðari samninginn, eða þann, er Messíana undirritaði að Árlandi 2 í Reykjavík í lok októbermánaðar, er mér kunnugt um, að hún hafði aldrei áður litið augum. Þennan dag og dagana þar á undan hafði hún legið rúmföst og fór því til fundar við börn sín þennan dag, eins og oft áður, fátæk. Jafnframt stóð hún frammi fyrir þeirri staðreynd að þurfa daginn eftir að segja upp vinnu, sem hún hafði vonað, að gerði henni kleift að taka börnin til sín.

Ég leyfi mér því að fullyrða, að þetta tvennt: veikindi hennar og alger óvissa um afkomu, hafi einkum stuðlað að því, að hún lét blekkjast til undirritunar samningsins og staðfestingar hans skömmu síðar.

3. Ég óska einnig eftir því að votta, að allan tímann trúði Messíana (þrátt fyrir aðvaranir mínar) heilindum Ólafs Gíslasonar og lögfræðings hans í þessu máli, og var hún sannfærð um, að samningurinn væri aðeins til bráðabirgða, enda gat hún ekki verið án barnanna fremur en þau án hennar.“

Við aðaljayfirheyrslu var stefndi spurður um, hvort honum hafi verið kunnugt um veikindi konu sinnar á árinu 1970. Var þá eftir honum bókað:

„Af því tilefni segir mætti, að sér hafi verið kunnugt um, að stefnandi hafi verið eitthvað veik og hún hafi verið með hita, skömmu áður en hún kallaði mætta og Jón E. Jakobsson heim til sín að Bergstaðastræti til að ræða skilnaðarskilmálana, en þá hafi hún verið betri og hún hafi verið fullfrísk, er hún hafi komið að Árlandi 2 og undirritað skilnaðarskilmálana.

Spurður af lögmanni sínum segir mætti, að hann hafi ekki getað séð, að stefnandi væri miður sín eða dómgreind hennar skert, er hún undirritaði skilnaðarskilmálana á dskj. nr. 4. Mætti kveðst heldur ekki hafa orðið var við þetta, er skilnaðarmál þeirra hjóna var tekið fyrir við Borgardómaraembættið.“

Í framlögðu bréfi til lögmanns síns vikur stefndi að sama efni: „Einnig er fjarri sanni, að hún hafi verið veik, þegar hún kom í Árlandið að undirskrifa. Þá hefði hún beðið mig um að koma með börnin, eins og ég gerði iðulega. Og hún var ekki veikari en það, að skv. framburði Brynju 24/1 '73 var hún að skipuleggja 3 ára nám í Englandi og fór síðan í des. til að ganga frá þeim málum til Englands, þótt hún bæri á móti því í vitnaleiðslunni. Það er ósennilegt, að sársjúk manneskja hafi staðið í öllu því umstangi einmitt þennan nóvembermánuð.“

Er stefndi var við aðiljayfirheyrslu nánar spurður um það, hvernig undirritun skilnaðarskilmálanna hefði farið fram, bar hann eftirfarandi:

„Mætti ítrekar af gefnu tilefni, að það sé ekki rétt, að hann hafi áður verið búinn að semja og afhenda stefnanda skilmála með öðru efni en þeir, sem eru á dskj. nr. 4. Segir mætti í því sambandi, að eftir að hann hafi verið búinn að afhenda stefnanda annað eintakið af skilmálunum á dskj. nr. 4, hafi hún beðið sig og Jón E. Jakobsson að koma heim til sín á Bergstaðastræti og hafi þeir gert það. Þar hafi skilmálarnir verið ræddir og nokkrum dögum síðar hafi stefnandi svo komið heim til mætta að Árlandi 2 og hafi hún þá undirritað skilmálana alveg óbreytta.

Mætti tekur fram, að stefnandi hafi haldið sínu eintaki skilmálanna á milli þess sem þeir Jón E. Jakobsson ræddu við hana á Bergstaðastræti og hún undirritaði skilmálana. Mætti segir, að stefnandi hafi komið með sitt eintak skilmálanna að Árlandi 2 og hafi þau undirritað bæði eintökin. Mætti segir, að engir full-

orðnir hafi verið viðstaddir, er þau aðiljarnir undirrituðu skilnaðarskilmálana.“

Stefndi styður sýknukröfur sínar þeim rökum, að samkomulag það, er málsaðiljar gerðu um skilnaðarkjör hinn 29. október 1970 og staðfestu fyrir valdsmanni hinn 25. nóvember, sé í alla staði fullkomlega lögmætur og bindandi samningur, sem eigi sé haldinn neinum þeim annmörkum, er leiði til þess, að unnt sé að rifta honum eða fá hann ógiltan.

Stefnandi hafi gert samninginn af fúsum og frjálsum vilja og eftir langa og rækilega yfirvegun. Frumuppkast af samningnum hafi stefnandi haft undir höndum í þrjár vikur og síðan hafi hún haft í höndum endanlega gerð samningsins tímabilið frá 29. október til 25. nóvember 1970 til íhugunar og athugunar. Fyrir liggi í málinu fjölmargir vitnaframburðir, sem staðfesti, að stefnandi hafi rætt efni samningsins ítarlega við vinkonur sínar og samstarfsfólk. Stefnandi sé góðum gáfum gædd og vel menntuð. Hún kunni því óvenjugóð skil á félagsfræðilegum efnum, ekki síst varðandi réttarstöðu kvenna, þar á meðal þeim, er lúta að laga-reglum um stofnun og slit hjúskapar og fjármál hjóna. Það sama gildi um þær konur, er stefnandi ráðfærði sig við og báru vitni í málinu. Alveg sérstaklega bendir stefndi á, að stefnandi hafi verið virkur meðlimur í Rauðsokkahreyfingunni, en innan þess félagsskapar hafi á undanförnum árum verið unnið mikið og þarft starf að því að kynna konum sifjaréttarleg málefni og á vegum þess félagsskapar hafi farið fram merkar rannsóknir og miklar umræður um réttindi og skyldur kvenna og stöðu þeirra í þjóðfélaginu. Stefnandi geti því með engu móti borið fyrir sig, að hún hafi samið um skilnaðarkjör í fljótræði eða af fákunnáttu. Þá mótmælir stefndi því eindregið, að sjúkleiki stefnanda hafi verið á því stigi, að hún hefði ekki fullkomlega ráð og rænu, og heldur því fram, að ekkert sé fram komið í málinu, er bendi til, að sjúkleiki stefnanda hafi haft nein áhrif á umrædda samningsgerð.

Stefndi heldur því enn fremur fram, að varðandi búskipti hafi síður en svo hallað á stefnanda. Eignauppgjör sýni, að nettóeign búsins hafi numið kr. 608.400 og af þeirri fjárhæð hafi konan fengið greiddar kr. 277.000 úr hendi mannsins. Við umrætt uppgjör sé það að athuga, að skattskuldir hafi raunverulega verið nokkru hærri en talið sé í umræddu uppgjöri og ekki sé við skuldatalningu tekið tillit til áfallinna ógjaldfallinna vaxta eða áfallinna dráttarvaxta á ógreidda skatta. Þá sé enn fremur van-

talið í skuldauppgjörinu hluti af kröfu Breiðholts h/f, vinnuveitanda stefnda, sem félagið hafi skuldajafnað við hluta af launum hans í desember 1971, þ. e. launum, er stefndi vann fyrir, eftir að leyfi til skilnaðar að borði og sæng var veitt. Við framtal eigna í umræddu uppgjöri sé enn fremur það að athuga, að þar sé lagt til grundvallar fasteignamat á eigninni Árlandi 2, en fasteignamatið hafi þá verið algerlega nýtt, og á þessum tíma hafi samþærilegar eignir verið seldar undir fasteignamatsverði. Þá sé það enn fremur að athuga, að maðurinn hafi tekið á sig þá óvenjulegu kvöð að sjá nálega einn um framfærslu þriggja barna þeirra hjóna án þess að gera neina kröfu til meðlags úr hendi konunnar með börnunum. Af þessu sé ljóst, að konan hafi síður en svo borið skarðan hlut frá borði fjárhagslega við eignaskipti þeirra hjóna.

Eins og áður er greint, krefst stefnandi riftunar á umræddum hjónaskilnaðarskilmála. Ekki hefur stefnandi sýnt fram á, að stefndi hafi vanefnt samninginn með þeim hætti, að til riftunar geti leitt. Verður því að túlka kröfugerð stefnanda á þann veg, að krafa hennar um riftun sé í eðli sínu krafa um ógildingu á umræddum samningi, enda vísar stefnandi til III. kafla samningalaganna nr. 7 frá 1936, er hún greinir lagarök fyrir dómkröfum sínum, en sá kafli fjallar um ógilda löggerninga.

Í málflutningi sínum hafa báðir aðiljar miðað við, að málshöfðunarfrestur samkvæmt 59. og 79. gr. laga nr. 39/1921 hafi verið liðinn, er mál þetta var höfðað. Samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga nr. 39/1921 og eðli málsins heyrir það ekki undir þennan dómstól að skera úr um forræði barna eða meta gildi umrædds skilnaðarskilmála, að því er það efni varðar, enda verður að telja að samkvæmt 56., 58., 59., 76., 77. og 79. gr. laga nr. 39 frá 1921 beri fyrst og fremst eða einvörðungu að líta til hagsmuna barna, en ekki foreldra, við úrlausn á því atriði, og er því vandséð, að samkomulag um forræði barna geti nokkru sinni skert lögvarða hagsmunum móður.

Úrlausnarefnið í máli þessu varðar því eingöngu samning hjónanna um fjárhagsleg atriði, þ. e. sjálf búskiptin, en við mat á því, hvort gengið hafi verið á hlut stefnanda við þau, verður að hafa nokkra hliðsjón af því, hvernig framfærslubyrðin af börnum skiptist milli hjónanna. Það er álit réttarins, að stefndi hafi sýnt fram á það með gögnum, sem eigi hefur verið hnekkkt af stefnanda hálfu, að eigi hafi verið verulegur mismunur á þeim fjárhæðum, er umrædd hjón fengu í sinn hlut hvort um sig við bú-

skiptin, en umrædd gögn bera með sér, að stefnandi hefur fengið í sinn hlut um 46% af nettóeign félagsbúsins, en stefndi um 54%, og er þá ekki tekið tillit til innbús, sem brúnaðfýggt var á 300.000 kr., en upplýst er, að hjóningsömadu um, að konan fengi það af innbúi, sem hún vildi, og maðurinn hefur dýst því yfir, að konan sé enn heimilt að taka það af innbúi, sem hún hefur ekki þegar tekið. Þegar tekið er tillit til þess, að maðurinn tók að sér að farnast einn framfærslu barns á mánuði á árin og greiða um 1/4 meðalmeðlag með þeim þá fjórum mánuði, sem þau skyldu dveljast hjá móður sinni (meðalmeðlag var í nóvember og desember 1970 kr. 1.988 á mánuði) og tók þannig á sig yfir 80% af framfærslubyrði af börnunum þá verður ekki talið, að umræddur skilnaðarskilnám hafi verið komummið bersýnilega í söhag, og breytir það eigi þessari niðurstöðu, þótt maðurinn skyldi eigi greiða konunni lífeyri, meðan skilnaður að borði og sæng stóð. Að þessu athuguðu og með því að það telst ósannað, að stefndi hafi við gerð umrædds skilnaðarskilnámals beitt stefnanda náðung, svikum, misneytingu eða óheiðarléka veða notfært í sér í fákunnáttu hennar, létuð eða bágunði með þeim hætti, að ógildingarkrafa verði á því byggt meðal öðrum reglum um ógilda löggæringa þá ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Það athugasáð framkomin gögn í máli þessu bera það ekki með sér, að stefnandi hafi verið haldin þeim andlegum annmörkun á því tímabili, þegar umrædd samningsgerð stóð yfir, að ógilding samningsins verði á því byggt. Málskostnaður mill stefnanda og stefnda fellur niður. Stefndi greiði réttargæslustefnda kr. 7.000 af málskostnaði. Málflytningspóknun til skipaðs talsmanns stefnanda, Þorvalds Þórarinssonar, hestaréttarlögmanns, telst hæfilega ákveðin kr. 65.000, og greiðist hún úr ríkissjóði. Málskostnaður og greiðist hún úr ríkissjóði.

Margréturssóttuðinnari kvað upp dóm þennan. Dómurinn móður. Útvarpsstefni í máli þessu varðar því eingöngu samning hjóna. Dómsorð: Dómsorð: Stefndi Ólafur Gíslason, skal vera sýkna af kröfum stefnanda, Messíu Tómasdóttur, í máli þessu. Stefndi, Messíu Tómasdóttir, greiði réttargæslustefnda, Jóni Einari og Jakobssyni í héraðsdómslögmanni, kr. 7.000 af málskostnaði. Málflytningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Þorvalds

Pórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 65.000, greiðist úr rikissjóði.

Fimmtudaginn 13. mars 1975.

Nr. 7/1974. Sigmundur P. Lárusson

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Konráði Ó. Sævaldssyni

(Jón Ólafsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómurarnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Fjárnámssgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstarétts.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstarétts með stefnu 10. janúar 1974. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í heraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og hinnar áfrýjuðu fjárnámssgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 4. nóvember 1971 gerðu Jón Oddsson héraðsdomslögmaður og afrýjandi svofellda dómssatt á bæjarþingi Reykjavíkur:

„Stefndi, Sigmundur Lárusson, Langagerði 86, Reykjavík, greiði stefnanda, Jóni Oddssyni, hdl., Reykjavík, kr. 200.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamán, af kr. 100.000.00 frá 15. júní 1971 til 15. ágúst s. á. og af kr. 200.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 480.00 í víxilkostnað og kr. 23.240.00 í málskostnað þannig: kr.